## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland.

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölkná – Miðheiðarhryggur | 02 |
| 02-056 Sl. Hringvegur (1), brú á Þjórsá | 02 |
| 01-009 Au. Upphéraðsvegur (931), Fellabær – Setberg | 02 |
| 02-027 Vf. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003 | 02 |
| 02-009 N.v. Hringvegur (1), um Hnausakvísl forsteyptar einingar 2002-2003 | 02 |
| 02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu | 02 |
| 02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá | 02 |
| 00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur | 02 |
| 02-019 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð | 02 |
| 01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun | 02 |
| 02-025 Au. Hringvegur (1), Melrakkanes – Blábjörg | 02 |
| 02-045 N.v. Mælifellsdalsvegur (F756), ræsi í Bugakvísl | 06.02 |
| 02-007 N.v. Hringvegur (1), um Hnausakvísl, vegtengingar 2002-2003 | 06.02 |
| 01-060 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnessýslu, austurhluti | 06.02 |
| 02-061 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnessýslu, vesturhluti | 06.02 |
| 02-066 N.v. Skarðsvegur (793), um skíðasvæði á Skarðsdal | 06.02 |
| 02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði | 06.02 |

| Útboð sem hafa verið auglýst | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 01-048 Sl. Hringvegur (1), vegur um Þjórsá | 18.06.02 | 08.07.02 |
| 02-054 Vf. Hraunsvegur (6304) og Engidalsvegur (6505) | 10.06.02 | 24.06.02 |
| 02-035 N.ey. Styrking og mölburður í Suður-Þingeyjarsýslu | 03.06.02 | 18.06.02 |
| 02-036 N.ey. Mölburður í Norður-Þingeyjarsýslu 2002 | 03.06.02 | 18.06.02 |
| 02-062 Vl. Útnesvegur (574), Móðulækur - Gufuskálar | 03.06.02 | 18.06.02 |
| 02-064 Rn. Hringvegur (1), hringtorg við Skarhólabraut | 03.06.02 | 18.06.02 |
| 02-047 Áætlunarflug, Höfn í Hornafirði, 2002-2003 | 27.05.02 | 01.07.02 |
| 01-122 Veggöng 2002 - Forval | 21.05.02 | 24.06.02 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 02-063 Loftmyndataka og stafrænn kortagrunnur 2002 | 27.05.02 | 10.06.02 |
| 02-065 Rn. Hringvegur (1), hringtorg við Breiðholtsbraut | 27.05.02 | 10.06.02 |
| 02-053 Vf. Vetrarþjónusta: Guðlaugsvík - Hólmavík - Reykjanes, 2002-2005 | 27.05.02 | 10.06.02 |

| Útboð á samningaborði, framh. | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 01-035 N.ey. Svarfaðardalsvegur (805) og Tunguvegur (806), Húsabakkaskóli - Ytra Hvarf | 27.05.02 | 10.06.02 |
| 02-057 Au. Seyðisfjarðarvegur (93), ferjulægi á Seyðisfirði, brú á Fjarðará | 21.05.02 | 10.06.02 |
| 02-008 N.v. Hringvegur (1), brú á Vatnsdalsá (Hnausakvísl), smíði stálbita 2002-2003 | 13.05.02 | 03.06.02 |
| 02-052 Vf. Vetrarþjónusta í Ísafjarðarsýslu Þingeyri - Flateyri | 21.05.02 | 03.06.02 |
| 02-050 Rn. Reykjanesbraut (41), mislæg gatnamót við Stekkjarbakka, hönnun | 06.05.02 | 03.06.02 |
| 02-002 N.v. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2002 | 13.05.02 | 27.05.02 |
| 02-051 N.ey. Hlíðarfjallsvegur (837) Rangárvellir - Skíðastaðir | 13.05.02 | 27.05.02 |
| 02-059 N.v. Mölburður með malardreifara á Norðurlandi vestra | 13.05.02 | 27.05.02 |
| 02-032 Vf. Djúpvegur (61), Ós – Bolungarvík | 13.05.02 | 27.05.02 |
| 02-005 N.v. Vatnsdalsvegur (722) Másstaðir – Hringvegur 2002-2003 | 06.05.02 | 21.05.02 |
| 02-003 N.v. Landgræðsla á Norðurlandi vestra 2002-2003 | 29.04.02 | 13.05.02 |
| 02-006 N.v. Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2002 | 29.04.02 | 13.05.02 |
| 02-043 N.ey. Hringvegur (1) Reykjadalsá - Helluvað | 29.04.02 | 13.05.02 |
| 02-024 Au. Landgræðsla á Austurlandi | 29.04.02 | 13.05.02 |
| 02-023 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2002 | 15.04.02 | 29.04.02 |
| 02-046 Vf. Djúpvegur (61), breikkun brúa á Hvalskurðará í Skötufirði og Rjúkanda í Hestfirði | 08.04.02 | 22.04.02 |
| 02-010 Rn. Yfirlagnir á Reykjanesi, malbik | 08.04.02 | 22.04.02 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 02-049 Rn. Sérmerkingar á Reykjanesi 2002-2003 *Öllum tilboðum hafnað* | 13.05.02 | |
| 02-021 Vl. Efnisvinnsla á Vesturlandi 2002 - 2003 *Tak - Malbik ehf.* | 27.05.02 | 27.05.02 |
| 02-028 Vf. Örlygshafnarvegur (612), Skápadalsá – Konungsstaðir og Tálknafjarðarvegur (617), ristarhlið – Deild *Norðurtak ehf.* | 29.04.02 | 11.06.02 |

VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir 22. tbl. /02

### Ferðafélagi fyrir fróðleiksfúsa

## Verk á vegi þínum

Í tilefni 30 ára afmælis Steinsteypufélags Íslands hefur félagið gefið út bók með upplýsingum um 115 steinsteypt mannvirki á Íslandi. Bókin er gefin út á íslensku og ensku (Works Along the Way) og fæst hún í bókaverslunum og bensínstöðvum Esso um land allt og kostar 1.500 kr.

Bókinni er skipt í tíu kafla eftir landshlutum. Hún inniheldur myndir af mannvirkjunum og upplýsingar um arkitekta, burðarþolshönnuði, aðalverktaka, tilurð og sögu, eftir því sem það var þekkt. Markmiðið er að sýna fjölbreytta notkun steinsteypu á síðastliðinni öld.

Bókin er að nokkru leyti unnin eftir danskri fyrirmynd. Í ritnefnd voru Ólafur Erlingsson verkfræðingur, Jónas Frímannsson verkfræðingur og Pétur Ármannsson arkitekt. Auk þeirra yfirfóru byggingarfulltrúar víða um land texta um mannvirki á þeirra svæði og margir tæknimenn komu með athugasemdir, ábendingar, sömdu texta eða lögðu til myndir. Fyrirtæki, samtök og stofnanir lögðu útgáfunni lið með fjárframlögum. Ritstjóri bókarinnar er Gísli Sigurðsson.

Í formála Gylfa Sigurðssonar formanns Steinsteypufélagsins segir m.a.:

Á Íslandi er mikið magn af sandi og möl, en til þess að gera úr þessum jarðefnum samloðandi og sterkt byggingarefni fyrir íslenskar aðstæður, þarf bindiefni og vatn. Sement er slíkt bindiefni en framleiðsla þess hófst í Evrópu um 1830 og í Ameríku um 1870. Þegar það er blandað vatni fara efnahvörf af stað. Blanda sements, vatns, sands og malar er kölluð steypa og hefur hann eiginleika að verða að hörðu, burðarhæfu efni á stuttum tíma.

Sement var fyrst notað á Íslandi þannig að óyggjandi sé við endurbætur Dómkirkjunnar 1847. Notkun þess jókst hægum skrefum lengi vel og fyrsta steinsteypta húsið, Sveinatunga í Norðurárdal, var reist 1895. Steypa og á síðustu öld það byggingarefni sem var langmest notað hérlendis, hvort sem var í íbúðarhús, virkjanir, brýr eða vita. Steypa og sementsbundin efni voru í stöðugri þróun alla síðustu öld, sem þakka ber mikilli rannsóknarvinnu. Segja má, að árafjöldi milli markverða nýjunga hafi stöðugt verið að styttast.

Steinsteypufélag Íslands varð 30 ára 11. desember 2001. Það fer vel á því að fagna þessum tímamótum með útgáfu bókar sem sýnir fjölbreytta og metnaðarfulla notkun steinsteypu á Íslandi á síðustu öld í máli og myndum.




## Auglýsingar útboða

### Hringvegur (1), vegur um Þjórsá

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í nýbyggingu 4 km vegar beggja vegna Þjórsár, auk tenginga. Þessi vegagerð er vegna fyrirhugaðrar brúar á Þjórsá.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu magntölur: fyllingar og fláafleygar 201.300 $m^3$, bergskeringar 108.400 $m^3$, neðra burðarlag 33.300 $m^3$, efra burðarlag 8.700 $m^3$, axlarefni 3000 $m^3$, klæðing 34.200 $m^2$.

Verki skal lokið 15. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum18. júní 2002. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 8. júlí 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 22. tbl. 10. árg. nr. 305 18. júní 2002**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.